

Folfirinox krabbameinslyfjameðferð

Krabbameinslyfjameðferðin Folfirinox inniheldur þrjú lyf: 5-Fu, Irinotecan og Oxaliplatin. Meðferðin er gefin á tveggja vikna fresti og varir í þrjá sólarhringa.

Öll lyfin eru gefin í æð á fyrsta degi meðferðar og samtals tekur hún um fjórar klukkustundir. Eitt lyfjanna (5-Fu) er gefið áfram í sídreypi með lyfjadælu í tvo sólarhringa. Nauðsynlegt er að hafa öruggan aðgang í æð og því þarf að setja lyfjabrunn undir húð á bringu sem auðveldar lyfjagjöfina.

Blóðrannsóknir

Nauðsynlegt er að mæta í blóðsýnatöku daginn fyrir meðferð til að hægt sé að meta blóðgildin áður en meðferð hefst. Stundum eru blóðgildin of lág og þá getur þurft að fresta lyfjameðferð um nokkra daga.

Velgjuvarnarlyf og önnur stoðlyf

Eftirtalin lyf eru hluti af lyfjameðferðinni og eru mikilvæg til að minnka hættu á algengum aukaverkunum. Hér að neðan er listi yfir þau lyf sem eru hluti af meðferðinni og nota þarf í nokkra daga á eftir.

Meðferðardagar	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4
Dexametasone (Decadron)	12 mg á deild	8 mg að morgni	8 mg að morgni	
Ondansetron (Zofran)	16 mg á deild			
Aprepitant (Emend)	125 mg	80 mg	80 mg	
Metoclopramid (Afipran)	Notist eftir þörfum, mest 10-20 mg þrisvar á dag	Notist eftir þörfum, mest 10-20 mg þrisvar á dag	Notist eftir þörfum, mest 10-20 mg þrisvar á dag	Notist eftir þörfum, mest 10-20 mg þrisvar á dag
Atropin	Gefið með sprautu undir húð á deild			

Dexamethason er steralyf sem minnkar hættu á ógleði. Lyfið getur aukið matarlyst, valdið óróleika og svefnörðugleikum.

Ondansetron (Zofran®) minnkar hættu á ógleði. Algengar aukaverkanir eru höfuðverkur og hægðatregða.

Aprepitant (Emend) minnkar hættu á ógleði. Algengar aukaverkanir eru hiksti, höfuðverkur, hægðatregða, lystarleysi og þreyta.

Metoclopramid (Afipran®) er velgjuvarnarlyf sem er tekið eftir þörfum við ógleði eins lengi og þörf er á. Lyfið getur valdið þreytu og niðurgangi.

Atropin er lyf sem er sprautað undir húð til að minnka hættu á niðurgangi á fyrsta sólarhring lyfjagjafar.

Mögulegar aukaverkanir

Meðferðinni geta fylgt margs konar og misalvarlegar aukaverkanir. Hér eru dæmi um þær algengustu sem veittar eru nánari upplýsingar um í meðferðinni. Mikilvægt er að láta vita um breytingar á líðan. Reglulega verður óskað eftir því að þú svarir ákveðnum spurningum um líðan og aukaverkanir til að hægt sé að bregðast við ef þess er þörf.

- Hætta á sýkingum og hita vegna fækkunar á hvítum blóðkornum
- Hætta á marblettum og blæðingum vegna fækkunar á blóðflögum
- Niðurgangur
- Ógleði og hætta á uppköstum
- Lystarleysi
- Slímhúðarbólga í munni
- Dofi og stingir í höndum og fótum vegna áhrifa á úttaugar
- Viðkvæmni fyrir kulda í umhverfi, köldum mat og drykk vegna breyttrar skynjunar
- Preyta eða magnleysi
- Þurrkur og roði í húð, sérstaklega á höndum og fótum
- Þynning á hári eða hármissir
- Verkir
- Munnþurrkur og breytingar á bragðskyni
- Breytingar á nöglum

Meðferðaryfirlit

Meðferðin er gefin á tveggja vikna fresti, oft í 4-6 skipti. Þú hittir lækni fyrir aðra hvora meðferð og eftir þörfum.

FOLFIRINOX		1. vika							2. vika							3. vika							4. vika						
	Dagur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
Oxaliplatin		x														x													
Irinotecan		x														x													
5-Fu í lyfjadælu		x	x	x												x	x	x											
Viðtal við lækni		x																											
Meðferð hjá hjúkrunarfræðingi		x		x												x		x											
Blóðsýnataka																													

Meðferðarteymið þitt á deild 11BC

Læknir _____

Hjúkrunarfræðingur _____

Teymistjóri hjúkrunar _____

Símanúmer

Dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11B

543 6130

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.